

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Fiskmats ríkisins, greiðast kr. 400.00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Þegar um er að ræða sýnistöku á útfluttum niðursuðuvörum, greiðast aðeins laun starfsmannsins auk ferðakostnaðar.

Starfsmenn Fiskmats ríkisins annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 13. júlí 1972.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir,
nr. 348 21. desember 1972.**

1. gr.

1. málsgr. 13. gr. orðist svo:

Verð hverrar getraunaraðar er kr. 50.00. Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.